

- Tollflokkun bifreiða
- Frávísun

Úrskurður nr. 5/1997

Í málinu var ágreiningur um tollflokkun tveggja bifreiða sem áformað var að breyta eftir að þær hefðu verið fluttar inn þannig að hægt væri að nota þær við slökkvistörf og mannflutninga á slyssstað. Innflytjandinn taldi að flokka ætti bifreiðarnar í samræmi við notkun þeirra eftir innflutning. Tollstjóri taldi að bifreiðarnar skiptu ekki um tollflokk við þær breytingar sem fyrirhugaðar voru. Ríkistollanefnd vísaði málinu frá þar sem þeir annmarkar voru á afgreiðslu tollstjóra að ekki var tilgreint að um væri að ræða „Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru“ og ekki var vísað til 142. gr. laga nr. 55/1987. Þá tók ríkistollanefnd fram að í bréfi kæranda væri hvorki leitast við að sýna fram á að niðurstaða tollstjóra væri röng né tilgreint hver ágreiningurinn væri.

Lög nr. 55/1987, 101. gr., 142. gr.

Í bréfi dags. 3. febrúar 1997, mótmælir B álitu tollstjórans í E sem fram kemur í bréfi, dags. 31. janúar 1997, um tollflokkun á tveimur bifreiðum af gerðinni Toyota Hilux Double Cab. B áformar að festa kaup á þessum bifreiðum og útbúa slökkvitækjum og dælu og nota til að flytja slökkviliðsmenn á slyssstað. Tollstjóri tollflokka Toyota Hilux D/C dísel í tnr. 8704.2121 og Toyota Hilux D/C bensín í tnr. 8704.3121. Þessari niðurstöðu unnið kærandi ekki og í bréfi til nefndarinnar kemur m.a. fram að þessar bifreiðar séu fyrirhugaðar sem „mannflutningabifreiðar“ þ.e. að koma slökkviliðsmönnum sem fyrst á slyssstað. Byggt verði yfir pallinn á þeim og komið þar fyrir festingum til að renna dælum í. Auk þessa verði bifreiðarnar búnar duft-, kolsýru- og vatnsslökkvitækjum ásamt öðrum búnaði sem nauðsynlegt sé að hafa til að hefja fyrstu aðgerðir á slyssstað.

Tollstjóri telur að bifreiðarnar skipti ekki um tollflokk við þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á þeim, þ.e. fari úr tnr. 8704 yfir í tnr. 8705.3000.

Ríkistollanefnd sendi erindi kæranda til umsagnar ríkistollstjóra. Í greinargerð hans frá 13. febrúar s.l. kemur m.a. fram að hann telur að ekki komi fram í kæru B að um sé að ræða ágreining við tollyfirvöld um tollflokkun umræddra bifreiða og þar af leiðandi séu meinbugir á málalíbúnaði B í þessu máli. Hins vegar muni embættið ekki hafa uppi sérstaka kröfu um úrlausn þessa máls af því tilefni. Telji ríkistollanefnd ástæðu til að úrskurða efnislega um tollflokkun umræddra bifreiða krefst ríkistollstjóri þess að niðurstaða tollstjóra verði staðfest.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir gögn þau sem lögð hafa verið fyrir nefndina í máli þessu. Þeir annmarkar eru á meðferð málsins af hendi tollstjóra að ekki er tilgreint að um sé að ræða „Bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru“ og ekki er vísað til 142. gr. laga nr. 55/1987. Þá verður að telja eðlilegt að niðurstaða álits tollstjóra um bindandi upplýsingar um tollflokkun vöru skv. 142. gr. tollalaga sé á þar til gerðu eyðublaði.

Nefndarmenn eru sammála því sem fram kemur hjá ríkistollstjóra, þ.e. að ekki er í bréfi kæranda til nefndarinnar leitast við að sýna fram á að niðurstaða tollstjóra sé röng og ekki er tilgreint um hvað ágreiningurinn snýst.

Með hliðsjón af ofanrituðu kveður ríkistollanefnd upp svofelldan úrskurð:

Með vísan til 101. gr. laga nr. 55/1987, með síðari breytingum, er máli þessu vísað frá.